

**Ed.**

### **300. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr, 45, 15. júní 1926, um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar.

Flutningsm.: Guðrún Lárusdóttir.

Fyrri málsgrein 7. gr. laganna skal orða svo:

Bönn þau, sem talin eru í undanfarandi greinum, ná yfir allan daginn skírdag, föstudaginn langa og hinn fyrri helgidag stórhátíðanna. Þau gilda einnig eftir kl. 6 á aðfangadagskvöld jóla.

#### **Greinargerð.**

Það er óþarfi að hafa langa greinargerð með þessu frv. Kvöldmáltíðar- og Getsemaneminningarnar eru öllum alvörugefnum mönnum, sem hafa alizt upp í kristnu landi, svo heilagt og viðkvæmt mál, að þeim mun þykja sjálf-sagt, að engar almennar skemmtanir fari fram á skírdagskvöld, og því er lagt hér til, að skírdagur sé friðhelgaður alveg eins og föstudagurinn langi.